

**1. -3. bekkur Hvolsskóla haustið 2007**

## ***Söngva- og ljóðasafn vegna árshátíðar***

*Þema árshátíðarinnar að þessu sinni er  
Jónas Hallgrímsson þar sem 200 ár eru  
liðin frá fæðingardegi hans 16. nóvember.*

## **Álfareiðin**

(Heinrich Heine)

Stóð eg úti' í tunglsljósi, stóð eg úti' við skóg,  
stórir komu skarar, af álfum var þar nóg;  
blésu þeir á sönglúðra og bar þá að mér fljótt  
og bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt.

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir grund,  
hornin jóa gullroðnu blika við lund;  
eins og þegar álfir af ísa grárri spöng  
fljúga austur heiði með fjaðrabyt og söng.

Heilsaði hún mér drottningin og hló að mér um leið,  
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.  
Var það út af ástinni ungu sem eg ber?  
eða var það feigðin sem kallar að mér?

## Úr æsku

Buxur, vesti, brók og skó,  
bætta sokka, nýta,  
húfutetur, hálsklút þó,  
háleistana hvíta.

Í fjósið er svo furðu langt,  
fæ eg varla ofan í mig;  
æi, lífið er svo svangt,  
en enginn étur sjálfan sig.

## **Sáuð þið hana systur mína**

Sáuð þið hana systur mína  
sitja lömb og spinna ull?  
Fyrrum átti ég falleg gull;  
nú er ég búinn að brjóta og týna.

Einatt hefur hún sagt mér sögu;  
svo er hún ekki heldur nísk:  
hún hefur gefið mér hörpudisk  
fyrir að yrkja um sig bögu.

Hún er glöð á góðum degi  
- glóbjart liðast hár um kinn –  
og hleypur þegar hreppstjórinn  
finnur hana á fönnum vegi.

## Ég bið að heilsa!

Nú andar suðrið sæla vindum þýðum,  
á sjónum allar báurur smáar rísa  
og flykkjast heim að fögru landi Ísa,  
að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum.

Ó! heilsað öllum heima rómi blíðum  
um hæð og sund í drottins ást og friði;  
kyssi þið, báurur! bát á fiskimiði,  
blási þið, vindar! hlýtt á kinnum fríðum.

Vorboðinn ljúfi! fuglinn trúr sem fer  
með fjaðrabliki háa vegaleysu  
í sumardal að kveða kvæðin þín!

Heilsaðu einkum ef að fyrir ber  
engil með húfu og rauðan skúf, í peysu;  
þróstur minn góður! það er stúlkan mín.

## **Þar sem háir hólar**

Þar sem háir hólar  
hálfan dalinn fylla,  
þar sem hamrahilla  
hlær við skini sólar  
árla fyrir óttu  
enn þá meðan nóttu  
grundin góða ber  
græn í faðmi sér..

## Gunnarshólmi

Skein yfir landi sól á sumarvegi  
og silfurbláan Eyjafjallatind  
gullrauðum loga glæsti seint á degi.  
Við austur gnæfir sú hin mikla mynd  
hátt yfir sveit, og höfði björtu svalar  
í himinblámans fagurtæru lind.  
Beljandi foss við hamrabúann hjalar  
á hengiflugi undir jökulrótum  
þar sem að gullið geyma Frosti og Fjalar.  
En hinum megin föstum standa fótum  
blásvörtum feldi búin Tindafjöll  
og grænu belti gyrð á dalamótum;  
með hjálminn skyggnda, hvítri líkan mjöll,  
horfa þau yfir heiðavötnin bláu  
sem falla niður fagran Rangárvöll;  
þar sem að una byggðarbylin smáu,  
dreifð yfir blómguð tún og grænar grundir.  
Við norður rísa Heklutindar háu.  
Svell er á gnípu, eldur geisar undir,  
í ógnadjúpi, hörðum vafin dróma,  
Skelfing og Dauði dvelja langar stundir.  
En spegilskyggnd í háu lofti ljóma  
hrafntinnupökin yfir svörtum sal.  
Þaðan má líta sælan sveitarblóma;  
því Markarfljót í fögrum skógardal  
dunar á eyrum, breiða þekur bakka  
fullgróinn akur, fegurst engjaval  
þaðan af breiðir hátt í hlíðarslakka  
glitaða blæju, gróna blómum smám.  
Klógulir ernir yfir veiði hlakka;  
því fiskar vaka þar í öllum ám.  
Blikar í laufi birkiprastasveimur  
og skógar glymja, skreyttir reynitrijám.  
Þá er til ferðar fákum snúið tveimur  
úr rausnargarði hæstum undir Hlíð,  
þangað sem heyrir öldufallaeimur;  
því hafgang þann ei hefta veður blíð  
sem voldug reisir Rán á Eyjasandi,  
þar sem hún heyrir heimsins langa stríð.  
Um trausta strengi liggur fyrir landi  
borðfögur skeið með bundin segl við rá;  
skínandi trjóna gín mót sjávargrandi.  
Þar eiga tignir tveir að flytjast á

bræður af fögrum fósturjarðarströndum  
og langa stund ei litið aftur fá,  
fjarlægum ala aldur sinn í löndum,  
útlagar verða vinaraugum fjær;  
svo hafa forlög fært þeim dóm að höndum.  
Nú er á brautu borinn vigur skær  
frá Hlíðarenda hám; því Gunnar ríður,  
atgeirnum beitta búinn – honum nær  
dreyrrauðum hesti hleypir gumi fríður  
og bláu saxi gyrður yfir grund;  
þar mátti kenna Kolskegg allur lýður.  
Svo fara báðir bræður enn um stund;  
skeiðfráir jóar hverfa fram að fljóti,  
Kolskeggur starir út á Eyjasund.  
En Gunnar horfir hlíðarbrekku móti,  
hræðist þá ekki frægðarhetjan góða  
óvinafjöld, þó hörðum dauða hóti.  
„Sá eg ei fyrr svo fagran jarðargróða,  
fénaður dreifir sér um græna haga,  
við bleikan akur rósinn blikar rjóða.  
Hér vil eg una ævi minnar daga  
alla sem guð mér sendir. Farðu vel,  
bróðir og vinur!“ – Svo er Gunnars saga.

Því Gunnar vildi heldur bíða hel  
en horfinn vera fósturjarðarströndum.  
Grimmilegir fjendur, flárri studdir vél,  
fjötruðu góðan dreng í heljarböndum.  
Hugljúfa samt eg sögu Gunnars tel,  
þar sem eg undrast enn á köldum söndum  
lágan að sigra ógnabylgju ólma  
algrænu skrauti prýddan Gunnarshólma.

Þar sem að áður akrar huldu völl  
ólgandi Þverá veltur yfir sanda;  
sólroðin líta enn hin öldnu fjöll  
árstrauminn harða fögrum dali granda;  
flúinn er dvergur, dáinn hamratröll,  
dauft er í sveitum, hnipin þjóð í vanda;  
en lágum hlífir hulinn verndarkraftur  
hólmanum, þar sem Gunnar sneri aftur.

## Smávinir fagrir

Smávinir fagrir, foldarskart,  
fífill í haga, rauð og blá  
brekkusóley, við mættum margt  
muna hvort öðru að segja frá.  
Prýðið þér lengi landið það,  
sem lifandi guð hefur fundið stað  
ástarsælan, því ástin hans  
allstaðar fyllir þarfir manns.

Vissi ég áður voruð þér,  
vallarstjörnur um breiða grund,  
fegurstu leiðarljósín mér.  
Lék ég að yður marga stund.  
Nú hef ég sjóinn séð um hríð  
og sílalætin smá og tíð. -  
Munurinn raunar enginn er,  
því allt um lífið vitni ber.

Faðir og vinur alls, sem er,  
annastu þennan græna reit.  
Blessaðu, faðir, blómin hér,  
blessaðu þau í hverri sveit.  
Vesalings sóley, sérðu mig?  
Sofðu nú vært og byrgðu þig.  
Hægur er dúr á daggarnótt.  
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!

Smávinir fagrir, foldarskart,  
finn ég yður öll í haganum enn.  
Veitt hefur Fróni mikið og margt  
miskunnar faðir. En blindir menn  
meta það aldrei eins og ber,  
unna því lítt, sem fagurt er,  
telja sér lítinn yndisarð  
að annast blómgaðan jurtagarð.